

53. fundur skólanefndar

Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn á kennarastofu 24. nóvember 2006 kl. 14.00

Fundinn sátu Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, Margeir Ingólfsson, Hilmar Jón Bragason, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason og Helga Sæmundsdóttir.
Gunnar Þorgeirsson, Margrét Einarsdóttir og Edda Antonsdóttir, tilkynntu forföll.

Dagskrá:

1. *Daglegt skólastarf – nemendatölur, starfsmannamál o.fl.*
2. *Reikningsskil mötuneytisins 2005-2006*
3. *Fjárlagafrumvarpið*
4. *Fjárhagsáætlun 2007*
5. *Héradsskólahúsið – framtíðarnýting þess*
6. *Sjálfsmat skólans*
7. *Önnur mál*

Formaður setti fund og gaf skólameistara síðan orðið um dagskrá fundarins.

1. Daglegt skólastarf – nemendatölur, starfsmannamál o.fl.

Skólameistari dreifði lista yfir starfsmenn skólans (fskj. 1), sem fundarmenn sáu misvel. Hann fjallaði síðan um ýmislegt sem lýtur að starfsmannamálum.

Framundan er barnsburðarleyfi og var auglýst eftir kennara til að taka starf viðkomandi. Einn umsækjandi gat tekið að sér starfið þegar á reyndi. Hann heitir Skúli Leifsson og hefur störf eftir áramót. Hann er vel menntaður en án kennsluréttinda og hyggur á réttindanáám samhliða starfi. Hann mun kenna félagsfræði, uppeldisfræði og einn áfanga í ensku.

Ráðning Skúla var samþykkt.

Skm. greindi síðan frá ýmsum mögulegum breytingum á starfsmannahaldi sem stefnir í að verði í lok þessa skólaárs.

2. Reikningsskil mötuneytisins 2005-2006

Skm. dreifði ársreikningi frá 1. ágúst, 2005 til 31. júlí, 2006, til kynningar. (fskj.2)

Fram kom að rekstrartekjur voru 39.5 milljónir, og rekstrargjöld 37.8 millj.

Rekstrarhagnaður var því sem næst 1.6 millj.

Skm. telur stöðuna mjög eðlilega og gerði hann grein fyrir ýmsum þáttum reikningsins og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

Til kynningar.

3. Fjárlagafrumvarpið

Skm. dreifði blaði með upplýs. um greiðslur til framhaldsskóla skv. frumvarpinu. (fskj.

3) og öðru blaði með uppl. um framlag á hvern nemanda (fskj. 4), blaði með upplýsingum um afkomu framhaldsskóla skv. ríkisreikningi 1998-2005 (fskj. 5).

Hækkun skv. frumvarpi er 3.7% milli ára til þessa skóla, sem skm. telur of lítið.

Til fróðleiks.

4. Fjárhagsáætlun 2007

Skm. dreifði drögum að rekstraráætlun fyrir skólann fyrir árið 2007 (fskj. 6) Hann gerði síðan grein fyrir helstu þáttum áætlunarinnar og svaraði spurningum fundarmanna um hana. Skv. blaðinu stefnir í að launakostnaður verð 96.2 millj. á árinu 2006 og áætlunin hljóðar upp á 101.6 millj. á næsta ári. Áætlunin gerir ráð fyrir um það bil 2 milljóna kr. hagnaði. Skv. áætluninni eru eignakaup næsta árs engin.

Áætlunin var samþykkt.

5. Héraðsskólahúsið – framtíðarnýting þess

Skm. dreifði minnispunktum um hús Héraðsskólans á Laugarvatni. (fskj. 7). Hann hafði síðan framsögu í málinu. Í minnispunktunum er samantekt á stöðu mála í dag. Þar kemur m.a. fram að skm. hefur lagt til við ráðherra að skipuð verði nefnd til að fjalla um framtíð hússins. Hann óskaði síðan eftir umræðu um málið.

Eftir allmiklar umræður var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Skólanefnd ML samþykkir að beina því til menntamálaráðherra að hann skipi nefnd til að fjalla um framtíðarhlutverk Héraðsskólahússins á Laugarvatni.

Skólameistara og formanni var falið að skrifa ráðherra bréf þessa efnis og að fylgja því eftir.

6. Sjálfsmat skólans

Aðst. skm. gerði grein fyrir könnunum sem lagðar hafa verið fyrir á þessu hausti. Um var að ræða könnun meðal nemenda á stjórnun og þjónustu við skólann og könnun meðal starfsfólks um stjórnun skólans. Niðurstöður liggja fyrir í grundvallaratriðum, en þær reyndust mjög jákvæðar gagnvart þeim starfsmönnum sem um ræðir.

Sjálfsmatsnefnd mun finna leið til að birta helstu niðurstöður á vef skólans.

Til kynningar

7. Önnur mál

a. Hlíð, Mörk og Grund

Skm. fjallað um húsin Hlíð, Mörk og Grund. Húsin þarfnast mikils viðhalds. Hann lýsir þeirri skoðun sinni að að selja eigi þessi hús. Hann vill halda því til haga að hagsmunir þeirra sem þar búa verði tryggðir, en íbúar Grundar hafa lagt í mikinn kostnað vegna húsnæðisins.

Skólanefnd samþykkti að fela skólameistara að senda ráðherra bréf með tillögu um að húsin Hlíð og Mörk verði seld. Ennfremur að þeir fjármunir sem kunna að fást við söluna verði nýttir í nýjar íbúðir fyrir kennara. Horft er t.d. til auðrar lóðar millir Traðar og Túns í þessu sambandi.

b. Jöfnunarstyrkur – breyttar reglur

Skm. greindi frá breytingu sem gerð hefur verið á reglum um jöfnunarstyrk. Allir nemendur skólans eiga nú rétt á þessum styrk þegar frá fyrsta ári nema þeir búi á Laugarvatni.

Skólanefnd lýsir ánægju með þessa breytingu og lítur á hana sem skref til jöfnunar á aðstöðu nemenda til náms við skólann. Með þessu móti stækkar markaðssvæði skólans.

c. Víkingaleikar.

Skm. greindi frá boði til skólans um að taka þátt í víkingaleikum í Noregi í ágúst n.k. 6. nemendum sem fæddir eru 1989 (3 stúlkum og 3 piltum), ásamt einum starfsmanni, er boðið til Noregs til að taka þátt í leikunum. Samþykkt hefur verið að þiggja boðið.

Fundi slitið kl. 16.15

Fundargerð ritaði Páll M. Skúlason